



# Skjalastefna Dalabyggðar

## Tilgangur

Tilgangur skjalastefnu þessarar er að tryggja lýðræði og gegnsæi í stjórnslu Dalabyggðar með ábyrgri skjalavörslu. Öll skilaskyld skjöl þarf að varðveita á upprunalegan, áreiðanlegan og rekjanlegan hátt í samræmi við gildandi lög, reglugerðir, reglur og góða stjórnsýsluhætti.

Skjalastefna þessi lýsir ábyrgð hvers og eins á skjalavörslu sveitarfélagsins Dalabyggðar, stofnana þess, starfseininga, fyrirtækja í meirihlutaeign Dalabyggðar og byggðasamlaga sem sveitarfélagið er aðili að.

Skjalastefna þessi skal tryggja langtímarvarðveislu skjala og þar með hagsmuni íbúa og sveitarfélagsins. Starfsemi Dalabyggðar er einnig mikilvægur þáttur í sögu nærsamfélagsins.

## Markmið

Markmið skjalastefnu þessarar er að öll skilaskyld skjöl Dalabyggðar séu varðveitt á skipulagðan og rekjanlegan hátt frá myndun/móttöku þar til þau eru afhent Héraðsskjalasafni Dalasýslu til langtímarvarðveislu. Þannig skal vera sýn yfir einstök skjöl, mál, skjalasöfn og heildina.

Aðgengi að skjölum og upplýsingastreymi skal vera í samræmi við gildandi upplýsingalög, persónuverndarlög og sérlög um einstaka málaflokka.

Til að uppfylla kröfur um ábyrga skjalavörslu þarf að bæta þekkingu og færni starfsmanna og kjörinna fulltrúa á skjalavörslu og mikilvægi hennar í lýðræðissamfélagi.

## Gildissvið

Skjalastefna þessi gildir fyrir öll skilaskyld skjöl (fundargerðarbækur, fundargerðir, bréf, tölvupóstar, teikningar, skýrslur, samningar, ljósmyndir, hreyfimyndir og fleira) frá því þau myndast eða eru móttækin, þar til þau eru afhent Héraðsskjalasafni Dalasýslu til langtímarvarðveislu.

Skjalastefna þessi gildir fyrir alla starfsmenn, kjörna fulltrúa og nefndarmenn á vegum Dalabyggðar. Gildir skjalastefnan jafnframt fyrir allar stofnanir, starfseiningar, fyrirtæki í meirihluta eigu sveitarfélagsins og byggðasamlög sem sveitarfélagið er aðili að.

## Ábyrgð

**Sveitarstjórn og byggðarráð** bera ábyrgð á að skapa aðstöðu og fjármagn til að skjalavarsla sveitarfélagsins sé í samræmi við lög, reglugerðir, verklagsreglur og skjalavistunaráætlun.

**Formenn** nefnda og ráða á vegum Dalabyggðar bera ábyrgð á fundargerðum og skjalasöfnum einstakra nefnda.

**Sveitarstjóri** Dalabyggðar ber ábyrgð á að skjalavarsla og upplýsingagjöf sveitarfélagsins sé í samræmi við lög, reglugerðir, verklagsreglur og skjalavistunaráætlun.

**Skjalastjóri** Dalabyggðar hefur umsjón með skjalasafninu, notkun rafræns skjalastjórnunarkerfis og að aðstoða starfsmenn eftir þörfum.

**Forstöðumenn** bera ábyrgð á að skjalavarsla og aðgengi að skjölum innan þeirra stofnana sem þeir veita forstöðu sé í samræmi við skjalastefnu Dalabyggðar, lög, reglur og verklagsreglur.

**Allir starfsmenn** bera ábyrgð á að skjalavarsla í þeirra höndum sé í samræmi við skjalastefnu Dalabyggðar, lög, reglur og verklagsreglur.



**Héraðsskjalavörður** Héraðsskjalasafns Dalasýslu tekur á móti skjölum til langtímarvarðveislu, hefur eftirlit með skjalavörslu Dalabyggðar og veitir leiðbeiningar.

**Persónuverndarfulltrúi** Dalabyggðar veitir fræðslu og leiðbeiningar varðandi vinnslu persónugreinanlegra persónuupplýsinga.

## Skjalavarsla

Öll skilaskyld skjöl og skjalasöfn sveitarfélagsins Dalabyggðar og undirstofnana skulu varðveitt á pappír, undantekningar eru hljóðrit og hreyfimyndir.

Öll meðferð skjala Dalabyggðar skal vera í samræmi við lög, reglugerðir, verklagsreglur og góða stjórnarsýsluhætti.

Skjalavistunaráætlun skal gilda til fjögurra ára í senn og skal byrja á áramótum eftir sveitarstjórnarkosningar. Í skjalavistunaráætlun skulu vera upplýsingar um myndun, varðveislu og aðgengi að skjölum. Áætlunin skal taka mið af verklagi og skjalamyndun hvernar stofnunar.

Eyðing skilaskyldra skjala er ólögleg. Hjá Dalabyggð stendur ekki til að nýta neinar almennar eða sértækar grisjunarheimildir Þjóðskjalasafns Íslands. Öll grisjun samkvæmt þeim grisjunarheimildum er háð skriflegu samþykki héraðsskjalavörðar.

Öll skjöl og skjalasöfn sveitarfélagsins Dalabyggðar eru skilaskyld til Héraðsskjalasafns Dalasýslu. Héraðsskjalavörður hefur eftirlit með skjalavörslu Dalabyggðar, samþykkir skjalavistunaráætlanir, grisjun og rafræn gagnasöfn, veitir jafnframt leiðbeiningar og fræðslu eftir þörfum.

Setja skal verklagsreglur eftir þörfum um skjalavörslu og aðgengi að skjölum Dalabyggðar í samráði við héraðsskjalavörð og persónuverndarfulltrúa.

## Gildistími

Reglur þessar taka gildi við samþykkt sveitarstjórnar.

Þær skulu endurskoðaðar fyrir árslok 2027 og fyrr ef breytingar verða á lögum um skjalavörslu sveitarfélaga, upplýsingaskyldu eða persónuvernd.

Samþykkt á 000. fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar 00. feb 2023.